

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjartað er allt sem þar.

Fundargerð 2. Umdæmisstjórnarfundar í Kiwanisumdæminu Ísland-Færeyjar, starfsárið 2012-2013 haldinn laugardaginn 12. janúar 2013 í Kiwanishúsinu að Helluhrauni 22 Hafnarfirði kl:10:00

Mættir:

Hjördís Harðardóttir umdæmisstjóri, Dröfn Sveinsdóttir kjörumdæmisstjóri, Ragnar Örn Pétursson fráfarandi umdæmisstjóri, Hörður Baldvinsson umdæmisritari, Guðbjörg Brynja Pálsdóttir umdæmisféhirðir, Tómas Sveinsson Erlendur ritari/Tengiliður Færeyjasvæðis/internetnefnd, Snjólfur Fanndal svæðisstjóri Freyjusvæðis, Petur Olivar í Hoyvík svæðisstjóri Færeyjasvæðis, Pétur Jökull Hákonarson svæðisstjóri Sögusvæðis, Gunnsteinn Björnsson svæðisstjóri Óðinssvæði, Konráð Konráðsson svæðisstjóri Ægissvæðis/tengiliður v. gagnagrunns KI, Hildisif Björgvinsdóttir formaður fræðslunefndar, Gylfi Ingvarsson tengiliður við fyrrverandi umdæmisstjóra, Óskar Guðjónsson upplýsinga og blaðafulltrúi/ritstjóri Kiwanisfrétta, Andrés Hjaltason formaður tryggingasjóðs Kiwanis, Hildur Valsdóttir formaður kvennanefndar, Þyri Marta Baldursnefndar formaður umdæmisþingnefndar, Haraldur Finnsson formaður hjálmanefndar, Björn Ágúst Sigurjónsson formaður styrktarsjóðs KIF, Ásbjörn Egilsson formaður laga og ályktanefndar, Guðmundur R Þorvaldsson formaður ferðanefndar, Arnór L. Pálsson formaður fjárhagsnefndar

Forföll:

Guðmundur Skarphéðinsson formaður útbreiðslu og fjölgunarnefndar.

Gestir: Eyþór Einarsson verðandi umdæmisféhirðir, Atli Þórsson nefndarmaður í fjárhagsnefnd, Sæmundur H Sæmundsson fyrrv. umdæmisstjóri og nefndarmaður í laganefnd.

Dagskrá:

1. Fundarsetning

Fundur settur af Hjördísi Harðardóttur klukkan 10:15. Hjördís bauð fundarmenn velkomna og óskaði fundarmönnum gleðilegs árs og þakkaði fyrir samstarfið á síðasta ári. En áður en hefðbundin dagskrá hæfist bað Hjördís fundarmenn að rísa úr sætum og minnast látinna Kiwanisfélaga. Að því loknu setti Hjördís fundinn og fór yfir dagskrá dagsins og sagði jafnframt að konur úr Kiwanisklúbbnum Dyngju kæmu til með að sjá um hressingu í hádegishléinu.

2. Skýrslur umdæmisstjórnar og umræður um þær

- ✓ Skýrsla umdæmisstjóra- Hjördís Harðardóttir
- ✓ Skýrsla umdæmisritara- Hörður Baldvinsson
- ✓ Skýrsla umdæmisféhirðis- Guðbjörg Brynja Pálsdóttir
- ✓ Skýrslur svæðisstjóra
- ✓ Freyjusvæði- Snjólfur Fanndal
- ✓ Færeyjasvæði- Petur Olivar í Hoyvík

Kiwanis er alheimssamtök sjálfbodaliða er hafa að



markmiði að bæta heiminn með þjónustu í þágu barna

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjartað er allt sem þar.

- ✓ Óðinssvæði-Gunnsteinn Björnsson
- ✓ Sögusvæði-Pétur Jökull Hákonarson
- ✓ Ægissvæði-Konráð Konráðsson

Sjá má allar skýrslur sem eru fylgiskjöl með þessari fundargerð

Ragnar Örn Pétursson kom í pontu og vildi ræða um nokkur mikilvæg atriði og ræddi hann um þessa nýju klúbba og hefur hann áhyggjur af litlum stuðningi kiwanisfélaga af Kiwanisklúbbum Eldfelli og Kiwanisklúbbum Vörðu. Ragnar kom með þá tillögu að hjálpa þessum klúbbum markvisst til að tryggja það að klúbbarnir fari betur af stað og verði blómstrandi og öflugir klúbbar sem allra fyrst. Annað varðandi skýrslu umdæmisstjóra, þá ræddi Ragnar um tengiliði fjölgunar í klúbbunum, en nefndarformaður fjölgunarnefndar átti ekki heimagennt á fundinn. Ragnar ræddi um hvernig væri best að standa að þessum málum. Hann vildi einnig minnst á þessa hugmynd með notkun á fjarfundabúnaði, en Ragnar vildi hnykkja á því að fyrrverandi stjórn hefði ekki verið mótfallin því að vera með fjarfundabúnað. Hann er þó mótfallin því að notast við fjarfundabúnað eingöngu.

Hjördís Harðardóttir tók til máls og var sammála Ragnari og minntist jafnframt á mikilvægi þess að vera í góðu sambandi við þá klúbba sem eru tiltölulega ný stofnaðir.

Gylfi Ingvason kom með fyrirspurn úr sæti varðandi misræmi á skýrslum og hvernig stæði á því að skýrslur frá hans klúbbi hefði ekki borist.

Hörður Baldvinsson skýrði frá því að nokkrir klúbbar hefðu verið að skila skýrslum alveg núna á síðustu dögum og reyndist ekki mögulegt að koma þessum skýrslum inn í samantektarskýrslu hjá umdæmisritara.

Peter Oliver í Hoyvik kom upp og bað fundarmenn að tala aðeins skýrara og rólegra, því túlkurinn ætti í megnustu erfiðleikum að þýða ræður fundarmanna yfir á Færeysku, en að því loknu ræddi hann um starfið í Færeyjum og vonandi fjölgun klúbba á eyjunum.

Andrés Hjaltason kom með fyrirspurn úr sæti og ræddi um fjölgunarráðstefnu sem ætlunin er að halda fljótlega. Andrés getur ekki séð í fljótu bragði hvaða árangur verði af slíkri ráðstefnu. Andrés ræddi einnig um húsnæðið sem umdæmið er að kaupa og velti vöngum yfir því hvernig ætti að fjármagna verkefnið að fullu og einnig með hvaða fjármunum ætti að reka húsnæðið og

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjartað er allt sem þar.

spurði hvort búið væri að ræða við klúbba á höfuðborgarsvæðinu um hvort einhverjir ætluðu að nýta sér þetta húsnæði? Einnig ræddi Andrés um nýju klúbbana sem nauðsynlega þarf að hlúa að og efla og minntist hann bæði á Kiwanisklúbbinn Eldfell og Kiwanisklúbbinn Vörðu sem væru báðir tiltölulega nýir og mikilvægt væri að standa við bakið á.

Hjördís Harðardóttir svaraði spurningum Andrésar. Hjördís var sammála því að hlúa að þessum klúbbum og að ábyrgðin væri hjá umdæminu og umdæmið verður að stíga fyrstu skrefin og bjóða þessu fólki aðstoð. Ræddi hún jafnframt um að hugsanlega þyrfti að setja saman nefnd til að huga að þessum málum. Varðandi fjölgunarráðstefnuna þá er um að ræða 108 manns sem yrði boðið og að hluti kostnaðarins í verkefnið fengist styrk, en væri búið að skoða alla þætti verkefnisins mjög vel. Ræddi Hjördís um kostnaðinn og minntist á að búið væri að skoða allan kostnað og væri hann samtals 1.100.000 krónur. Varðandi húsnæðið þá er búið að skoða þetta dæmi frá upphafi til enda. Ræddi Hjördís um kaup húsnæðisins og að umdæmið ætti rétt um 11,3 miljónir króna sem eru til vegna sölu umdæmisins á hluta sínum í Engjateig og þarf umdæmið að taka lán að upphæð 6,5 miljónir til kaupa á húsnæðinu. Taldi Hjördís að klúbbar muni nýta sér þetta húsnæði og að fleiri klúbbar komi í ljós í framtíðinni sem líklega mundu nýta sér húsnæðið sem umdæmið fær vonandi strax í febrúar.

Konráð Konráðsson kom í pontu og bar honum ekki saman við skýrslu ritara. Konráð vildi setjast með umdæmisritara og fara betur yfir þessi mál og lagfæra þetta áður en skýrsla ritara fari á heimasíðu umdæmisins. Einnig þakkaði Konráð svæðisstjóra Færeyjasvæðis fyrir frábæra hugmynd varðandi Klaksvík og þá möguleika að þar væru ákveðin sóknartækifæri fyrir Kiwanis.

Hjördís Harðardóttir tók til mál og sagði hún fundarmönnum frá því að hreyfingin væri að greiða hátt í 40.000 krónur á mánuði fyrir greiðslu á leigu fyrir bílskúr fyrir eigur umdæmisins og einnig að umdæmið væri að greiða rétt um 30.000 krónur í leigu fyrir þennan fund, þannig að kostnaður væri hár fyrir þjónustu af þessu tagi.

Hildisif Björgvinsdóttir kom í ræðustól og ræddi um klúbba sem margir félagar hefðu áhyggjur af. Ræddi hún hugmyndir sem gætu nýst sem stuðningur við klúbbana.

Pétur Jökull Hákonarson kom upp og ræddi um fjarfundabúnaðinn og vegalengdir milli klúbba og þann kostnað sem í því fellst að heimsækja klúbba, en umdæmið greiðir 38 krónur á kílómetur sem ekinn er sem er allt of lítið þegar allt að 1200 kílómetrar eru á milli klúbba fram og til baka.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjartað er allt sem þar.

Óskar Guðjónsson kom í pontu og þakkað Peter Oliver í Hoyvik fyrir frábæra hugmynd að nýta vinabæjarhugmyndina til að efla Kiwanishreyfinguna milli bæja á Íslandi og Færeyja. Hann fór yfir þá staðreynd að þegar klúbbar eru nýstofnaðir þá er hætt við að mannskapurinn kvarnist úr þessum klúbbum. Hann benti á þá staðreynd að þrír nýir klúbbar hafa verið stofnaðir á síðustu þremur árum, en þar á undan höfðu liðið tíu ár frá stofnun klúbbs. Sú staðreynd sýndi svo ekki væri um villst að innra starf hreyfingarinnar væri mjög öflugt. Hann ræddi um mikilvægi þess að Kiwanisumdæmið yrði að nýju fullgilt umdæmi sem er ekki raunin í dag og mikilvægt fyrir okkur að berjast fyrir því að verða að fullgilt umdæmi að nýju.

Guðbjörg Brynja Pálsdóttir kom upp og benti svæðisstjórum á að gera sínar akstursskýrslur svo hægt væri að greiða þeim það sem þó er greitt í aksturskostnað.

Andrés Hjaltason ræddi áhyggjur sínar úr sæti að ekki mætti gleyma þeim kostnaði sem fælist í því að reka húsnæði umdæmisins þegar að því kemur svo sem rafmagn og hita, fasteignagjöld viðhald og fleira.

Gunnsteinn Björnsson fór í pontu og ræddi um notkun á fjarfundabúnaði og mikilvægi þess að vera í góðu sambandi við aðra klúbba og að hann sem slíkur væri persónulega ekkert sérstaklega hrifinn af þeirri hugmynd, heldur að gera meira úr svæðisráðsfundum og nýta þá betur. Hann ræddi einnig um þann möguleika að breyta Sinawik klúbbum yfir í Kiwanisklúbba.

Að loknu hádegishléi mættu Ásbjörn Egilsson og Sæmundur H Sæmundsson á fundinn en Arnór L.Pálson formaður fjárhagsnefndar gat einungis verið til hádegis, en Atli Þórsson nefndarmaður flutti skýrsluna.

3. Skýrslur nefndarformanna og umræður um þær

- ✓ Skýrsla fræðslunefndar- Hildisif Björgvinsdóttir
- ✓ Skýrsla K-dagsnefndar (2010-2011)- Gylfi Ingvarsson
- ✓ Skýrsla upplýsinga og blaðafulltrúa/Ritstjóra Kiwanisfrétta- Óskar Guðjónsson
- ✓ Skýrsla umdæmisþingnefndar- Þyri Marta Baldursdóttir
- ✓ Skýrsla styrktarsjóðs/KIF- Björn Ágúst Sigurjónsson
- ✓ Skýrsla fjárhagsnefndar – Atli Þórsson
- ✓ Skýrsla hjálmanefndar- Haraldur Finnsson
- ✓ Skýrsla ferðanefndar- Guðmundur R Þorvaldsson

Kiwanishjartað er allt sem þar.

- ✓ Skýrsla kvennanefndar- Hildur Valsdóttir
- ✓ Skýrsla tengiliðs við gagnagrunn KI- Konráð Konráðsson
- ✓ Skýrsla internetnefndar- Tómas Sveinsson
- ✓ Skýrsla laga og ályktananevndar- Ásbjörn Egilsson

Skýrslur þessara nefndarformanna fylgja með fundargerðinni

Að lokinni yfirferð á skýrslum frá öllum nefndum þurftu Ásbjörn Egilsson og Sæmundur H Sæmundsson að yfirgefa fundinn vegna anna.

Ragnar Örn Pétursson vildi ræða tvennt um skýrslur nefndarformanna. Í fyrsta lagi vildi Ragnar ræða um hvort hægt væri að hefja einhvert samstarf við UNICEF um einhverskonar söfnunaráttak í sambandi við K-daginn. Viðraði Ragnar nokkrar hugmyndir sem hægt væri að útfæra í þessu sambandi. Vildi hann ræða einnig um gamlar Kiwanisfréttir sem þyrfti að setja yfir í rafrænt form, en Óskar Guðjónsson minntist á í skýrslu sinni um nauðsyn þess að hefja þessa vinnu sem allra fyrst. Ragnar taldi brýnt að hefja þessa vinnu sem allra fyrst. Ræddi Ragnar einnig um bréf sem tekið var fyrir á umdæmisstjórnarfundi fyrir einu ári síðan, en þar var samþykkt að Óskar Guðjónsson og Sigurður Pétursson mundu byrja að skrásetja 50 ára sögu Kiwanis á Íslandi og að þeirri vinnu lokið fyrir 50 ára afmæli Kiwanisklúbbsins Heklu.

Gunnsteinn Björnsson kom einnig upp og nefndi að einn félagi í Drangey hafi ekki fengið inngöngu í tryggingasjóð en sá félagi fékk ekki inngöngu vegna aldurs en félaginn er orðinn 67 ára gamall.

Andrés Hjaltason svaraði Gunnsteini og ræddi um þann aðila sem fékk ekki inngöngu í sjóðinn Andrés talaði um það að ef félagar sem hefðu áður verið í tryggingasjóð ætti svo sannarlega að fá inngöngu, en þeir sem væru nýir félagar og orðnir 67 ára fá ekki inngöngu. Það fyrirkomulag hlyti að vera sanngjarnt.

Pétur Olivar í Hoyvik ræddi einnig um mikilvægi að hafa tryggingasjóð, en enginn í Færeyjum er skráður í tryggingasjóð og óskaði hann eftir því að honum yrði sendar upplýsingar varðandi það mál.

Gylfi Ingvarsson skýrði lokaskýrslu sínu um K-lykilinn og tók það sérstaklega fram að hann mundi ekki gefa kost á sér í það verkefni að nýju.

4. Ávarp kjörumdæmisstjóra

Dröfn Sveinsdóttir kom í ræðustól og minntist á að starf kjörumdæmisstjóra væri nokkuð viðamikilið og væri hún svo lánsöm að hafa Hjördísi til að hjálpa og leiðbeina. Undanfarið hefur Dröfn verið að setja niður sín markmið og kjörorð, en á þessum tímamarki væri hún ekki tilbúin að greina frá þeim

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjartað er allt sem þar.

fyrir en hún væri búin að kynna þau fyrir sínu fólki á fræðslu sem yrði innan tíðar. Dröfn nefndi það að á þessum fundi í dag væri hún búin að hlusta á skýrslur nefndarformanna í dag og mjög líklega mundi hún leita til flestra þeirra um að halda áfram störfum fyrir umdæmið. Einnig tók Dröfn það fram að hún væri komin með sitt fólk sér við hlið og ritari hennar væru Hildisif Björgvinsdóttir úr Sólborg og féhirðirinn hennar væri Eyþór K Einarsson úr Eldey í Kópavogi, en bæði væru þau stödd á fundinum. Í stað formennsku Hildisifjar í fræðslunefndinni mun Svavar Svavarsson úr Hraunborg taka að sér það verkefni.

Einnig tilkynnti Dröfn að formaður þingnefndar verði Arnaldur Mar úr Eldey, en með honum munu svo starfa félagar úr Eldey og Sólborgu. Einnig sagðist Dröfn hafa rætt við við formann kvennanefndar að halda áfram störfum en ekki hafa fengið svar ennþá. Að lokum sagðist Dröfn hlakka til næsta árs og vonaðist til þess að það verði bæði lærdómsríkt og skemmtilegt.

5. Önnur mál

Tómas Sveinsson las upp bréf frá Kiwanisklúbbnum Helgafelli frá 10 janúar sl. samskipti þar sem kom fram að klúbburinn sæktist eftir því að halda umdæmisþing í Vestmannaeyjum 2015 (sjá meðfylgjandi fylgiskjal) og sækir klúbburinn um með þeim fyrirvara að nægt gistirými verði fyrir hendi.

Hjördís Harðardóttir þakkaði Tómasi fyrir og sagði að það væri afskaplega ánægjulegt að fá ósk frá klúbbi um að fá að halda þing, en samkvæmt umdæmislögum á alltaf að liggja fyrir þingstaðir þrjú ár fram í tímann. Lagði Hjördís þessa ósk fyrir fundinn og var þessi ósk samþykkt samhljóða með lófataki.

Ragnar Örn Pétursson sagði að þessi samþykkt væri sérstaklega ánægjuleg því á þessu ári væri nákvæmlega 30 ár síðan umdæmisþing var síðast haldið í Vestmannaeyjum.

Dröfn Sveinsdóttir kom upp og ræddi um sinn kjörumdæmisstjóra og greindi frá því að Gunnlaugur Gunnlaugsson frá Básun á Ísafirði gæfi kost á sér fyrir tímabilið 2013-2014, en ekki væri búð að fullklára alla pappírsvinnu sem þessu fylgir.

Hjördís Harðardóttir þakkaði Dröfn fyrir og minntist einnig á að pappírsvinnunni væri nú ekki lokið og sagði jafnframt að nú þyrfti að skila til umdæmisins sakavottorði svo eitthvað sé nú nefnt. Hjördís lagði tillöguna fyrir fundin og var framboð Gunnlaugs Gunnlaugssonar til kjörumdæmisstjóra

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjartað er allt sem þar.

fyrir starfsárið 2013-2014 samþykkt samhljóða með þeim fyrirvörum sem umdæmið gerir um slík framboð.

Óskar Guðjónsson kom upp og ræddi um vöntun á K dags formanni. Hann minntist á Ísgolfið og ræddi um heimildarmynd um ferðina sem sýnd verður í opinni dagskrá á Skjá Golf 05-06 febrúar n.k og mun Eldey blása til frumsýningar af þessu tilefni. Ræddi hann aðeins um Kiwanisfréttirnar og ræddi um kostnað við skönnun á eldri heftum, en hann mun vera á annað hundrað þúsund.

Petur Olivar í Hoyvik kom upp og ræddi um að blöðin hefðu komið til Færeyja og þakkaði vel fyrir sig og taldi að þetta árið hefði verið afskaplega gaman að geta fylgst með og að hafa túlk að þessu sinni hafði skipt hann miklu máli til að fylgjast með umræðum á fundinum. Undanfarin ár hefðu kiwanisfélagar frá Færeyjum komið á fundi og því miður skilið lítið vegna skorts á túlkum. Petur þakkaði enn og aftur kærlega fyrir sig.

Hjördís Harðardóttir þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og sleit fundi klukkan 14:38

Fundargerð ritaði:

Hörður Baldvinsson

Umdæmisritari 2012-2013

-